

**Nd.**

**120. Breytingartillögur**

[12. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974.

Frá allsherjarnefnd.

1. 10. gr. orðist svo:

Í stað orðanna „sakadómari eða lögreglustjóri“ í 1. mgr. 42. gr. laganna komi: lögreglustjóri (rannsóknarlögreglustjóri ríkisins), og í stað orðanna „sakadómara eða lögreglustjóra“ í 3. mgr. komi: lögreglustjóra (rannsóknarlögreglustjóra ríkisins).

2. Við 12. gr.

a) 1. töluliður 2. mgr. hljóði svo:

Nafn og heimili sökunauts og önnur deili á honum.

b) Upphaf 6. efnismálsgr. verði:

Eftir að dómari tekur mál til rannsóknar skal hann framkvæma . . .

3. Við 14. gr. Orðið „ríkisins“ falli niður.

4. Við 17. gr. Greinin falli niður.

5. Við 20. gr.

a) Í stað „2. tl. 112. gr.“ í c-lið 1. efnismgr. komi: 2. töluliður 1. mgr. 112. gr.

b) 2. töluliður 2. efnismgr. hljóði svo:

Nafn sökunauts, heimilisfang og önnur deili á honum.

c) Í stað orðanna „er það var framið“ í 3. tölulið 2. efnismálsgr. komi: er það er talið framið.

6. Við 31. gr. Greinin hljóði svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977.